

Hafnarfirði 4. febrúar 2022.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

### **MINNISBLAÐ – Engidalsskóli stækkun, málsnúmer 2011221**

Þetta minnisblað er ritað í framhaldi af minnisblaði fyrir um ári síðan í tengslum við breytingar á húsnæði Engidalsskóla sökum þess að skólinn er aftur að færast upp í 7. bekk, sem kom reyndar á þessu skólaári. Fræðsluráð hafði samþykkt það á 454. fundi sínum þann 18. nóvember 2020. Á næsta skólaári, 2022-2023, er ljóst að bekkjum mun fjölga í skólanum, þ.e. árgangar sem í dag eru einn bekkur þurfa að vera tveir frá næsta hausti, svo þörf er á fleiri almennum kennslustofum. Sökum þess þarf enn að gera breytingar á húsnæði skólans. Þannig er ráðgert að skjalasafnið verði fært úr kjallara skólans (undir leikskólanum og við hlið íþróttasalar). Þá opnast möguleikar að færa starfsemi frístundaheimilis (3.-4. bekkur) og félagsmiðstöðvar (5.-7. bekkur) geti fengið húsnæði skjalasafnsins til afnota og ný aðstaða til almennrar kennslustofu kemur þá. Sömuleiðis þarf að færa eina stofu til, þ.e. myndmenntarstofu niður um eina hæð þar sem frístundaheimili/félagsmiðstöðin er til húsa til að setja bekki saman hlið við hlið í skólabyggingunni og auðvelda samstarf milli þeirra.

Þetta þyrfti þá að gera fyrir haustið 2022:

- Lagfæra aðstöðuna eftir að skjalasafnið er og búa húsnæðið undir nýja starfsemi, þ.e. stöðva leka, skipta um gólfefni og mála, og annað sem við á.
- Mála stofu sem tekur við myndmennt og mögulega setja upp vegg/geymslu fyrir gögn. Setja brennsluofn upp á nýjum stað, og annað sem við á.
- Taka niður myndmenntarstofu, m.a. brennsluofn og önnur gögn, mála og breyta í almenna kennslustofu, og annað sem við á.

Lagt er til að ofangreindu verkefni verði vísað af fræðsluráði til umhverfis- og framkvæmdaráðs til kostnaðarmats og framkvæmda á þessu ári og verði lokið fyrir upphaf næsta skólaárs.

Þess utan þarf svo húsbúnað í nýja félagsmiðstöð/frístundaheimili í nýja aðstöðu en að öðru leyti er gert ráð fyrir að nýttur sé húsbúnaður sem þegar er til í skólanum á nýjum stað eins og mögulegt er.

Virðingarfyllt,



Vigfús Hallgrímsson,

Þróunarfulltrúi grunnskóla.